

Yfirlýsing

Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarkaupstaðar vegna framkvæmda við Reykjanesbraut í Hafnarfirði.

1. Vegagerðin og Hafnarfjarðarkaupstaður eru sammála um að hrinda í framkvæmd úrbótum á Reykjanesbraut frá Hamarkotslæk suður að Hvammabraut í samræmi við útboðsgögn sem sameiginlegur verkefnahópur hefur látið vinna á undanförnum misserum. Þessari framkvæmd fylgir m.a. að gerð verði undirgöng við Hamarkotslæk, mislæg gatnamót við Kaldárselsveg og byggð verði göngubrú vestan kirkjugarðs. Stefnt verði að lokum þessara framkvæmda eigi síðar en í ágúst 2004, enda liggur fyrir fjárveiting vegna verksins.
2. Vegagerðin og Hafnarfjarðarkaupstaður munu yfirsara hönnun kaflans frá Álfanesvegi suður fyrir Lækjargötu, með það að markmiði að hægt verði að auka afköst og tryggja aukið öryggi vegarins til að anna áætlaðri umferðaraukningu í tíu til fimmtíð ár. Um yrði að ræða hringtorg við Lækjargötu/Hlíðarberg ásamt útvíkkun gatnamóta við Fjarðarhraun, ásamt að- og fráreinum á kaflanum á milli gatnamótanna, enda liggur fyrir fjárveiting vegna verksins.
3. Hafnarfjarðarkaupstaður tryggir að engar breytingar verðar á aðal- og deiliskipulagi umhverfis Reykjanesbraut, sem hindri að hægt verði að byggja mislæg gatnamót í framtíðinni. Í því sambandi verði jafnmikið landrými til byggingar mislægra gatnamóta og gert er ráð fyrir í frumdrögum VST og þeirri tilhögun framkvæmda sem Skipulagsstofnun hefur fallist á skv. úrskurði sept. 2002.
4. Vegagerðin og Hafnarfjarðarkaupstaður eru sammála um að ganga verði til samninga við Oliufélagið Esso hf. um breytingar á að- og frákeyrslum. Einnig að endurskoða uppgjör vegna húseigna við Sólvangsveg nr. 7 og 9, enda liggi það fyrir að Hafnarfjarðarkaupstaður standi straum að kostnaði við niðurrif húsanna fyrir 1. mars 2003.
5. Þegar fjármagn verður tryggt til lagfæringar á kaflanum frá Álfanesvegi suður fyrir Lækjargötu eins og nefnt er í grein 3 hér að ofan, eru aðilar sammála um að gert verði sérstakt samkomulag um þann framkvæmdaþátt. Í því samkomulagi verði gerð grein fyrir ákveðinni hönnun, áfangaskiptingu og hvernig kostnaði verði skipt milli aðila.

Reykjavík 7. apríl 2003

f.h. Vegagerðarinnar

Jón Rognvaldsson

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Ólöf Ólafsson

Lættas:

11:00 11.04.2003